

XXIV. LANDSPING SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ræða Halldórs Halldórssonar, formanns sambandsins

1. Inngangur

Ráðherra sveitarstjórnarmála!

Ágætu landsþingsfulltrúar og gestir!

Verið velkomin á 24. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið er í hinu glæsilega menningarhúsi Hofi. Hér munum við þinga í þrjá daga undir yfirskriftinni Nýtt umhverfi – Ný úrlausnarefni – Ný tækifæri. Hér ætlum við að skipuleggja framtíðina.

Landsþing er æðsti vettvangur í samstarfi sveitarfélaganna í landinu. Hér er mörkuð stefnan sem stjórn sambandsins vinnur eftir, hér leggið þið þingfulltrúar línurnar fyrir komandi kjörtímabil. Stærsta ákvörðun landsþingsins fyrir fjórum árum var án efa að fara í verkefnaflutning og bíða ekki eftir frekari sameiningum sveitarfélaga. Landsþingið samþykkti að flytja ætti verkefni á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála. Var þar talað um málefni fatlaðra og aldraðra og er flutningur á málefnum fatlaðra langt kominn. Mér finnst mikilvægt að ítreka þetta vegna þess að fyrir kemur að sveitarstjórnarmenn annað hvort gleyma þessu eða átta sig ekki á því að stjórn sambandsins setur slík mál ekki á dagskrá. Til þess hefur hún ekki völd en það hafa landsþingin og þau ákveða stefnuna sem stjórnin vinnur eftir. Þau völd eru í ykkar höndum ágætu þingfulltrúar.

Á þessu landsþingi eru stór mál lögð fyrir þingið til skoðunar og ákvarðanatöku. Þetta eru mál á borð við breytt skipulag í kjaramálum með tillögu um að kjósa ekki launanevnd lengur beint á landsþingi. Samstarf og samstaða sveitarfélaga í kjaramálum er lykilatriði og verðum við að halda þeirri órofa samstöðu án tillits til þess hvort við gerum skipulagsbreytingar varðandi launanevndina. Það eru allir samningar lausir í lok nóvember og án efa væntingar víða að byggjast upp þó vonandi geri flestir sér grein fyrir því að nú er harðara í ári en áður.

Við þurfum að ræða fjármálareglur og aukinn aga í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Stór breyting verður með nýjum sveitarstjórnarlögum en vinnan er ekki lengra komin en svo að hér verða kynnt drög að frumvarpi og verður mjög gagnlegt fyrir þá vinnu sem eftir er að fá álit ykkar á þessum drögum.

Þá mun ráðherra sveitarstjórnarmála fjalla um eflingu sveitarstjórnarstigsins en vinna hefur verið í gangi í öllum landshlutum um mögulega sameiningarkosti. Nýr ráðherra sveitarstjórnarmála hefur látið í ljósi þá skoðun sína að þvingaðar sameiningar komi ekki til greina og fellur það vel að stefnu sambandsins, markaðri á landsþingum en er síður í samræmi við stefnu fyrrverandi ráðherra sem var þeirrar skoðunar að lagabreytinga væri

þörf til að efla sveitarstjórnarstigið með sameiningum. Út af fyrir sig er frekar undarlegt að sama ríkisstjórnin skuli bjóða upp á sitthvora stefnuna í þessum málum eftir því hver er ráðherra en það sem mestu skiptir er hvaða stefna er mörkuð á landsþingum okkar. Ég hef löngum verið talsmaður fyrir eflingu sveitarstjórnar-stigsins með frjálsum sameiningum – ekki lögbvinguðum. Það er áhugavert að í drögum að frumvarpi um ný sveitarstjórnarlög er ekki lengur að finna ákvæði um lágmarksíbúatölu í sveitarfélögum. Hugsanlega höfum við verið of upptekin af þeirri tölu, það sem á að skipta máli er geta sveitarfélaganna til að þjónusta íbúana og taka við verkefnum, ekkert endilega stærð þeirra. Í öllu tali okkar um íbúalýðræði skulum við muna að íbúar hafa til þessa ákveðið hvort sameina skuli sveitarfélög eða ekki. Við tölum um að efla íbúalýðræðið. Hvernig fer það saman við tal um að taka jafnvel þann rétt af íbúunum og ákveða stærð sveitarfélaga með lögum? Þetta er rétt að ræða hér á þinginu.

Kjörtímabil núverandi stjórnar sem nú hefur runnið sitt fjögurra ára skeið hefur verið sveiflukennt enda margt gengið á í hinu ytra sem innra umhverfi. Á tímabilinu hafa sex af ellefu stjórnarmönnum yfirgefið stjórnina og tekið sæti á Alþingi Íslendinga. Þórður Skúlason framkvæmdastjóri til fjölda ára lét af störfum og við tók Karl Björnsson. Þá hafa þrjár ríkisstjórnir verið myndaðar og nú störfum við með fjórða sveitarstjórnarráðherranum.

Ég vil nota tækifærið og bjóða nýjan sveitarstjórnarráðherra velkominn og þakka fyrri ráðherrum, Magnúsi Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristjáni L. Möller fyrir gott samstarf.

Í samskiptum við ríkið hef ég f.h. stjórnar og sveitarstjórnarstigsins í landinu lagt mikla áherslu á að koma samskiptum í meiri formfestu og auka aga í þeim. Þetta hefur verið rauður þráður varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeirri vissu að of mikil orka fer í að verja tekjustofna sveitarfélaga vegna þess að ákvarðanir ríkisvaldsins taka ekki nægt tillit til stöðu sveitarstjórnarstigsins. Ég tel að fjármálareglur og lögbinding samskiptareglna muni bæta vinnubrögðin.

Þó þetta sé ekki stöðugasta starfsumhverfið þessi ár eftir hrúnið þá hefur sambandið eflst við hverja raun; tekist á við verkefnið hvert af öðru og meira að segja bætt við verkefnum á borð við velferðarþjónustumálin.

Eftir gott sumar er haustið formlega komið með sínum blæbrigðum. Um þau árstíðaskipti kvað Guðmundur Ingi Kristjánsson eitt sinn.

Ljúfir voru sóldagar liðinnar tíðar

og ljóminn af þeim.

Breiddu þeir sinn unað um brúnir og hlíðar

til bæjanna heim.

Kannski er hér smá söknuður eftir sumrinu en þetta er upphaf ljóðsins þannig að þessar ljóðlínur segja ekki allt. Með sama hætti má segja að við getum eflaust saknað einhvers frá liðnum árum í sveitarstjórnarmálum en um leið staðsett okkur á nýrri byrjun sem kallar á ný viðhorf og nýjar aðferðir. Árin fyrir hrun einkenndust af miklum hraða og mikilli uppbyggingu í hluta sveitarfélaganna með tilheyrandi skuldsetningu. Þennan hluta kölluðum við sveitarfélög á vaxtarsvæðum. Þá skilgreiningu heyrir maður varla í dag. Hinn hlutinn voru sveitarfélög sem voru að berjast í samkeppni um íbúana við vaxtarsveitarfélögin og áttu sum hver í erfiðleikum með rekstur vegna fækkunar íbúa og atvinnutækifæra. Eftir hrun snerist þetta að miklu leyti við vegna þess að vaxtarsveitarfélögin höfðu staðið í mikilli uppbyggingu og þjónustuaukningu. Þar varð áfallið mest og þar voru skuldirnar mestar. Hin sveitarfélögin standa meira í stað og eiga betra með að takast á við afleiðingar hrunsins enda mörg hver vön einhvers konar samdráttarástandi. Svona togast þetta á milli ólíkra sveitarfélaga en því miður er sameiginlegt með okkur öllum að þyngra er fyrir fæti. Það á við um allt þjóðfélagið.

Viðfangsefnið er samt ávallt hið sama en það er að veita íbúum sveitarfélaganna sem besta þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og standa vörð um hagsmuni þeirra. Og það er að taka alvarlega það hlutverk okkar að sjá tækifærin og möguleikana og kynna það fyrir íbúunum. Það er okkar að vera með glösin hálf full en ekki hálf tóm.

2. Sameining sveitarfélaga.

Þrátt fyrir að sameiningarverkefni undanfarinna áratuga hafi ekki skilað þeim árangri sem væntingar voru um þá hefur það áunnist að íslenskum sveitarfélögum hefur fækkað um meira en helming á 20 árum. Þau eru nú 76 og er þriðjungur þeirra með færri en 500 íbúa.

Landsþing sambandsins 2006 mótaði þá stefnu að á kjörtímabilinu skyldi leggja áherslu á verkefnaflutning án tillits til sameininga sveitarfélaga. Í samræmi við það hefur verið unnið að flutningi málefna fatlaðra út frá því að sveitarfélög, sem séu ekki nægilega stór til að sjá sjálf um þjónustuna, myndi þjónustusvæði. Sveitarfélögum fækkaði um þrjú á síðasta kjörtímabili. Þetta eru mun færri sameiningar en á kjörtímabilinu 2002-2006 en þá fækkaði sveitarfélögum um 26, úr 105 í 79 í kjölfar sameiningarátaks.

Lágmarksíbúatala sveitarfélaga er 50 samkvæmt sveitarstjórnar-lögum. Í drögum að frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga hefur verið horfið frá ákvæði um lágmarksíbúatölu sveitarfélaga. Í drögnum er hins vegar haldið í hliðstætt ákvæði og er í núgildandi sveitarstjórnarlögum um að ráðuneytið skuli vinna að stækkun sveitarfélaga.

Ég undirritaði sl. haust með fyrrverandi ráðherra sveitarstjórnar-mála yfirlýsingu um vinnu við sameiningar sveitarfélaga sem einn lið í eflingu sveitarstjórnarstigsins, sá fyrirvari var að sjálfsögðu settur að sambandið leggst gegn lögþvinguðum sameiningum í samræmi við mótaða stefnu landsþinga.

Ekki er ljóst á þessu stigi hvert framhald þess máls verður. Eitt af því sem þarf að ræða er á hvaða forsendum eigi að framkvæma áframhaldandi verkefnaflutning til sveitarfélaga. Er það með frekari sameiningum eða þjónustusvæðum?

3. Flutningur á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Ákvörðun um að hefja endurskoðun á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var tekin á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn var 16. febrúar 2007. Sú ákvörðun var í samræmi við stefnumótun landsþings sambandsins sem haldið var hér á Akureyri haustið 2006. Þessi vinna á sér þó enn lengri aðdraganda en yfirfærsla þjónustu við fatlaða strandaði eingöngu á því árið 2001 að ríkið hafnaði að setja endurskoðunarákvæði inn í samning um framkvæmd yfirfærslunnar. Núna er engin slík fyrirstaða enda skýrt kveðið á um endurskoðun og samkomulag um fjárhagsrammann var undirritað í júlí sl. Undirbúningur sveitarfélaga er víðast hvar mjög langt kominn.

Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum og samkomulag um yfirfærsluna liggja fyrir í nánast endanlegum drögum. Enn er þó deilt um stéttarfélagsaðild þeirra starfsmanna sem flytjast til sveitarfélaga við yfirfærsluna, og það er auðvitað miður að slík mál séu enn óleyst þegar svo skammur tími er til stefnu. Afstaða sambandsins hefur verið alveg skýr um að starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða gangi inn í það kjarasamningsumhverfi sem fyrir er hjá sveitarfélögunum enda hefur launanefndin ekki lagaheimild til að semja við SFR. Ég tel hins vegar ástæðu til að áréttu það að málið snýst ekki um að þetta starfsfólk lækki í launum því kjarasamningar sem LN hefur gert um þessi störf eru fyllilega sambærilegir við kjarasamning SFR við ríkið og ég held að engum detti í hug að verkefnið muni stranda á þessu máli. Samstaða um verkefnið er orðin mjög mikil, ekki bara milli sveitarfélaga og ríkis heldur einnig við hagsmunasamtök fatlaðra.

Ég vil þakka öllum sem hafa starfað af krafti að þessum málum fyrir mikla og góða vinnu hvort sem það er í verkefnisstjórn, landshlutasamtökum eða sveitarfélögum sem hafa undanfarin misseri unnið markvisst og faglega að yfirtöku á málaflokknum.

4. Flutningur á þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Það stefnir allt í að stór áfangi náist nú um áramótin í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Markmiðið hlýtur að vera í samræmi við samþykkt landsþings 2006 um að sveitarfélögin taki sem fyrst við þjónustu við aldraða. Sú vinna hefur m.a. tafist á því að félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti stígu á þeim tíma alls ekki í takt varðandi afstöðu til verkefnaflutnings. Með sameiningu þessara ráðuneyta um næstu áramót er sú hindrun úr veginum.

5. Fjármál sveitarfélaga.

Frá árinu 2008 hefur efnahagsþróunin verið sveitarfélögum sem og öðrum í þessu þjóðfélagi afar erfið. Eins og kunnugt er brugðust sveitarfélögin almennt mjög hratt við og af milli ábyrgð þegar ógæfan dundi yfir. Mun hraðar en ríkisvaldið. Mörg sveitarfélög nýttu sér heimild til að hækka útsvarið um 0,25% stig á síðasta ári en flest þeirra hafa farið mjög varlega við hækkun þjónustugjalda. Þessi viðbrögð skiluðu miklum árangri miðað við aðstæður. En betur má ef duga skal. Fjárhagur sveitarfélaga er alls ekki nógu góður. Afkomutölur A-hluta sveitarsjóða á síðasta ári sýna að einungis náðist um 6% framlegð úr rekstri til að standa undir greiðslubyrði lána og framkvæmdum. Samkvæmt fjárhagsáætlunum þessa árs er gert ráð fyrir svipaðri framlegð.

Fjármálaráðherra hefur tilkynnt að til standi á næsta ári að fella niður árlegt aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 1,0 ma.kr. Einnig að uppi séu áform um að hætta á næsta ári endurgreiðslu á um 1,4 ma.kr. útgjaldaauka sveitarfélaga vegna hækkunar tyggingargjalds í upphafi þessa árs. Þetta verður til að magna enn frekar erfiða fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga og við verðum að koma í veg fyrir þessi áform.

Þar sem ríkið er því sem næst búið að fullnýta alla skattstofna sem finnast í þessu landi er svigrúm sveitarfélaga til að auka tekjur sínar með skattahækkunum vart fyrir hendi. Nauðsynleg tekjuaukning verður því að felast að einhverju leyti í tilfærslu tekna frá ríkinu til sveitarfélaga, en fyrst og fremst þarf hún að hafa uppruna sinn í auknum umsvifum í efnahagslífinu. Ábyrgð ríkisstjórnar er mikil í þeim eignum og verða menn að standa saman og sýna í verki að markmiðið sé að auka þjóðartekjur hratt og örugglega og skapa ný atvinnutækifæri og berjast þannig af fullri alvöru og hörku við atvinnuleysisbólið sem er óviðunandi að vinnufúst fólk þurfi að búa við. Við þurfum margbreytileg tækifæri í atvinnuuppbyggingu og stuðning við hugmyndir heimamanna á hverjum stað. Það er mikilvægt að muna að eitt þarf ekki að útiloka annað í atvinnuuppbyggingu.

6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur skilað hugmyndum um breytingar á reglum sjóðsins. Vinna stendur nú yfir við útfærslu þeirra hugmynda. Það er nauðsynlegt að reglur hans séu þannig mótaðar að það fjármagn sem ætlað er til jöfnunar renni þangað sem mest þörf er fyrir það. Mín skoðun er að hugmyndir nefndarinnar séu áhugaverðar en við verðum að vanda okkur við útfærslu þeirra.

Áætlað er að tekjur jöfnunarsjóðsins hafi dregist saman um 3,0 ma.kr. að raungildi á síðustu tveimur árum vegna samdráttar í þjódarbúskapnum. Endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs hefur yfirleitt beinst að því að leita leiða til að skipta þeim potti sem til staðar er á jafnari hátt, en ekki hefur verið aukið við tekjur sjóðsins. Af þessu leiðir að það sem kemur einu sveitarfélagi til góða er tekið af öðru þar sem fjárhæðin sem er til skiptanna eykst ekki. Ef áform fjármálaráðherra ganga eftir að fella niður aukaframlag til jöfnunarsjóðs mun fjárhagur margra sveitarfélaga versna verulega. Þar er fyrst og fremst um að ræða lítil og millistór sveitarfélög. Á sama tíma hefur fjárhagur stærri sveitarfélaga versnað verulega í kjölfar efnahagshrunsins. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur enga burði til að koma að vanda þessara sveitarfélaga ef framlög til hans verða skert. Eins veldur það vandkvæðum við að þróa regluverk sjóðsins ef framlög til hans verða skert. Því verður að stöðva þessa fyrirætlun fjármálaráðherra.

7. Samskiptin við ríkið.

Fyrir hönd sveitarfélaga ber Samband íslenskra sveitarfélaga hitann og þungan af samskiptum við ráðherra, ráðuneyti og Alþingi. Þessi samskipti eru misgóð og misárangursrík. Af okkar hálfu höfum við lengi barist fyrir því að koma samskiptaferlinu í fastari skorður og lagt til að samskiptareglurnar verði lögbundnar. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er tekið undir þetta sjónarmið. Við verðum að viðurkenna að það agaleysi sem birtist í tilviljanakenndum samskiptum ríkis og sveitarfélaga þekkist varla í þeim löndum sem við berum okkar saman við. Úr þessum verðum við að bæta. Við skulum láta áform okkar um formföst og skilvirk samskipti ríkis og sveitarfélaga ganga eftir að þessu sinni og tryggja það með innleiðingu samskiptareglna í lög.

Sambandið er með samning við ríkið um að lagafrumvörp og reglugerðir sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin eigi að vera kostnaðarmetin rétt eins og áhrif á ríkissjóð. Þetta hefur gengið misjafnlega eftir og því er nauðsynlegt að lögbinda skyldu um kostnaðarmat gagnvart sveitarfélögum. Það er liður í auknum aga í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

8. Fjármálareglur og hagstjórnarsamningur.

Undanfarin misseri hefur farið fram mikil vinna við mótnun fjármálareglna fyrir sveitarfélögin og undirbúningur að gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga. Flestum fjölmiðlum og of mörgum alþingismönnum og fulltrúum ráðuneyta hættir til að fjalla um málið á þann veg að verið sé að setja sveitarfélögunum fjármálareglur vegna þess að þau séu óábyrg í fjármálum. Þetta er mikill misskilningur. Þessi vinna hófst í raun þegar ég sem formaður sambandsins undirritaði viljayfirlýsingu við þáverandi fjármálaráðherra árið 2007 um mótnun fjármálareglna. Í fyrstu voru sumir sveitarstjórnarmenn mótfallnir því að settar yrðu fjármálareglur en það hefur breyst og nú sjá flestir tækifærin í málinu.

Það hljóta allir að sjá að öguð og formföst fjármálastjórn ríkis og sveitarfélaga er nauðsynleg. Það er ljóst að til þess að sveitarfélögin geti unnið á grundvelli skynsamlegra fjármálareglna og hagstjórnarsamnings milli aðila þarf ríkisvaldið að sýna mikinn aga og sanngirni í fjármálalegum samskiptum við sveitarfélögin. Þau áform ríkisstjórnarinnar, sem ég gat um áðan, um að grípa til aðgerða sem veikja fjárhagsstöðu sveitarfélaga myndu ekki falla að skynsamlegum fjármálareglum. Eins kalla slíkar reglur á að við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga í október eða nóvember ár hvert liggi fyrir hver stefna ríkisins er gagnvart fjármálum sveitarfélaga. Stórar og afdrifaríkar fjárhagslegar ákvarðanir er varða sveitarfélögin rétt undir áramót við lokaafgreiðslu fjárlaga munu þá heyrja sögunni til.

Þetta er mjög mikilvægt því það þjónar litlu að setja sér markmið með fjármálareglum ef þeim fylgja ekki líka mjög skýrar reglur varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Í tengslum við fjármálareglur og samstarfssamning við ríkið hafa sumir sveitarstjórnarmenn lýst áhyggjum af því að gengið yrði á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga með því að lögbinda og binda með samningum viðmiðanir um hámarksskuldstöðu o.fl. Því er til að svara að við eigum að halda í sjálfsstjórnarréttinn, það er okkur skylt og það er ein af meginforsendum allrar nálgunar mála hjá sambandinu. Því er líka til að svara að sjálfsstjórnarrétturinn er sennilega mestur á Íslandi því í okkar nágrennalöndum er jafnvel sveitarfélögum bannað að taka lán og alls staðar þar sem við berum niður eru fjármálareglur. Ísland sker sig úr hvað það varðar. Og það eykur sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga að ríkið þurfi að undirgangast aukinn aga í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

9. Lýðræðismál í sveitarfélögum.

Bankahrunið og efnahagskreppan hafa haft í för með sér samfélagshræringar sem eiga sér ekki hliðstæðu í sögu lýðveldisins. Það er tortryggni og reiði í samfélaginu og við upplifum bæði sögulega og erfiða tíma. Eflaust eru flestir sammála því að betra er að lesa um sögulega tíma en að upplifa þá. Okkar er engu að síður að takast á við þessa sögulegu tíma. Það er ljóst að tiltrú almennings á stjórnvöldum og stjórnámálönnum hefur beðið hnekki og

sveitarstjórnir eru þar ekki undanskildar þó víða hafi kjósendur ekki litast af þessum hræringum. Margir kjósendur í sveitarstjórnar-kosningum 2010 gáfu nýjum stjórnarmálhreyfingum atkvæði sitt eða skiluðu auðu á kjördag. Kjörsókn á landsvísu hefur aldrei verið minni, eða rúmlega 73% sem er 5% minna en í kosningunum 2006.

Jákvæða hliðin virðist vera aukinn áhugi á samfélagsmálum. Þessi þróun býður upp á ný tækifæri fyrir lýðræðið, ekki síst í sveitarfélögum sem sinna nærþjónustu hlutverkinu og eru í nánari samskiptum við sína íbúa en ríkisvaldið.

Í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum eru ýmis ný ákvæði sem snerta lýðræðið í sveitarfélögum, m.a. heill kafli um samráð við íbúa.

10. Skipulagsmál.

Eftir margra ára þref varð frumvarp að skipulagslögum loks að lögum frá Alþingi. Til þessa strandaði málið á andstöðu sambandsins við ýmis ákvæði frumvarpa að skipulagslögum, sérstaklega ákvæðum um landsskipulag. Þetta sýnir að sambandið er öflugt við að hafa áhrif á lagasetningu og gat fylgt eftir hagsmunum sveitarfélaga í þessu máli. Þó okkur sé ekki ljóst hvernig lögin eiga eftir að reynast er það mat okkar að endanlegt frumvarp hafi verið ásættanlegt, þar hafi verið tekið tillit til flestra athugasemda okkar og að það bæti stöðuna frá því sem nú er.

11. Sambandið – þróun þess á kjörtímabilinu og mikilvægi þess fyrir sveitarstjórnarstigið.

Samband íslenska sveitarfélaga hefur það lögbundna hlutverk að vera málssvari sveitarfélaganna gagnvart ríkinu og öðrum sem láta sig sveitarstjórnarmál varða. Mikilvægi þess hefur aukist ár frá ári og nú í þeim hremmingum sem við glímum við í þjóðarbúskapnum hefur sýnt sig í hve miklum mæli bæði ríkið og sveitarfélögin horfa til sambandsins og auka samskiptin við það. Sveitarstjórnarstiginu er það nauðsyn að á vegum sambandsins fari fram fagleg og góð vinna. Ég fullyrði að okkur hefur tekist að fá til starfa fyrir sambandið afar hæft, duglegt og áhugasamt starfsfólk. Sambandið þjónar öllum sveitarfélögum landsins og er sterkur málssvari þeirra. Ég veit að sú þjónustulund sem sveitarstjórnarmenn skynja þegar þeir leita til sambandsins er mikil. Það er alltaf reynt að finna lausnir á öllum þeim viðfangsefnum sem sambandinu berast.

Í stjórn sambandsins njótum við einnig þeirrar gæfu að vinna vel saman. Stjórnarfolk stendur saman sem einn hópur sem tekur alvarlega það hlutverk sitt að gæta hagsmuna allra sveitarfélaganna og sveitarstjórnarstigsins og vinna að eflingu þess á heiðarlegan og faglegan hátt.

Árangur í þessum málum öllum, byggist á samstarfi og sameiginlegri sýn sem mótuð er í öflugum málefnastarfi eins og á landsþingum sambandsins. Lykillinn er að áralagið sé samræmt og allir kraftar nýttir. Samstarf ríkis og sveitarfélaga

sé gott sem og samstarf innan sveitarfélaganna en það hefur sjaldan verið mikilvægara.

Nú líkur kjörtímabili þeirrar stjórnar sem ég hef verið í forystu fyrir síðustu fjögur ár. Ég hef átt mikið og gott samstarf við stjórnarmenn og þakka ég þeim innilega fyrir þau samskipti. Ég þakka einnig starfsmönnum sambandsins og framkvæmdastjóra fyrir frábært samstarf. Sveitarstjórnarmál er mjög áhugaverður málaflokkur sem ég hef helgað síðustu 16 ár og hef fullan hug á gera áfram. Kostir nærsamfélagsins og þess sem hægt er að gera á sveitarstjórnarstiginu eru miklir, við getum nefnilega breytt ýmsu með ákvörðunum okkar og gjörðum á sveitarstjórnarstiginu.

Það er mikilvægt að við nýtum okkur þessa kosti og finnum ný tækifæri. Sveitarfélögin skulda of mikið rétt eins og aðrir í samfélaginu. Þetta vitum við en jafnframt að innviðirnir eru sterkir og við höfum alla burði til að vinna okkur út úr vandanum. Stundum er umræðan þannig að við ættum að geta greitt skuldir sveitarfélaganna á morgun. Það stóð nú ekki til fyrir hrunið og það ætti að ríkja skilningur á því að hrunið lengdi endurgreiðslutímann. En við getum þetta þó það taki tímabundið á. Við sjáum tækifæri víða og eigum að leggja okkur fram um að hampa tækifærunum og vera bjartsýn umfram allt. Það er þannig með bjartsýnisfólk og svartsýnisfólk að báðar tegundir hafa rangt fyrir sér upp að vissu marki. Hinum bjartsýnu líður bara svo miklu betur með það og eru því líklegri til að breyta vanda í tækifæri.

Þó nú sé haust í náttúrunni og í rekstri sveitarfélaganna þá vitum við eins og skáldbóndinn Guðmundur Ingi, að það hlýnar aftur og sól hækkar á lofti.

Koma munu sóldagar sælir og glaðir
til sögunnar enn,
bregða sínum svip yfir búmannaraðir
og bjartsýnismenn

Ágætu landsþingsfulltrúar og gestir!

Ég óska þess að 24. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið er hér á Akureyri 29. september til 1. október 2010, verði árangursríkt og ánægjulegt í þessum glæsilegu húsakynnum, sem ég óska Akureyringum og Norðlendingum öllum til hamingju með.

Ég óska þess að í þeim búmannaröðum sem hér eru mættar fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu sé upp til hópa framsýnt bjartsýnisfólk og segi landsþingið hér með formlega sett.